

Verkstjóradeild

1. grein

Deildin heitir verkstjóradeild MFFÍ. Deildin nær yfir allt landið. Deildin er aðili að Mjólkurfræðingafélagi Íslands.

2. grein

1. Tilgangur deildarinnar er að auka og efla samvinnu meðal yfirmanna á félagssvæðinu og starfa að þeim málum sem snerta atvinnu þeirra.
Vinna að aukinni menntun, endurmenntun og verkþæfni
2. yfirmanna, starfa að sameiginlegum áhugamálum, og gæta þeirra í hvívetna.
Að koma í veg fyrir að réttur félagsmanna sé fyrir borð borinn í
3. atvinnumálum.
4. Að vinna að hvers konar framförum meðal félaga deildarinnar.
5. Að aðstoða atvinnulausa félagsmenn í atvinnuleit.

3. grein

Deildin er skipulagsbundið stéttarfélag yfirmanna í MFFÍ.

4. grein

Félagsmenn geta þeir einir orðið:

Sem eru starfandi yfirmenn, hafa sveinsréttindi, og eru

1. félagsmenn í MFFÍ.
2. Skulu þeir hafa framhaldsnám í mjólkuriðn að baki.
3. Yfirmenn eru þeir sem starfa við stjórnun og stjórnunarstörf sem aðalstarf.

5. grein

Yfirmenn sem æskja inngöngu í deildina sendi inntökubeiðnir sínar skriflega til stjórnar deildarinnar. Samþykki stjórn deildarinnar inntökubeiðnina skal nýr meðlimur tekinn formlega inn á aðalfundi ár hvert.

6. grein

Árstillög til deildarinnar skulu vera ákveðinn % af félagsgjöldum félagsmanna til MFFÍ.

7. grein

Verði breytingar á starfshögum félagsmanns, þannig að starf hans samrýmist ekki veru í deildinni skal hann tilkynna sig úr deildinni.

Úrsögn úr deildinni skal vera skrifleg og skal hlutaðeigandi yfirmaður ekki vera í skuld við deildina né heldur MFFÍ.

8. grein

Réttindi félagsmanna eru:

Málfrelsi, tillöguréttur og atkvæðisréttur samkvæmt fundarsköpum MFFÍ.

9. grein

Komi það fyrir að ágreiningur verði á milli atvinnurekanda og yfirmanns í atvinnumálum, er viðkomandi félagsmanni skylt að leggja málið strax fyrir stjórn deildarinnar, sem skal þá taka það til athugunnar og reyna að miðla málum þannig að hlutaðeigandi félagi tapi ekki atvinnu.

10. grein

Skyldur félagsmanna eru:

1. Að hlýða starfsgeglum félagsins.
2. Að gegna trúnaðarstörfum fyrir deildina.
3. Að greiða áskilin félagsgjöld til deildarinnar á réttum gjalddögum.
4. Að halda öllu því sem fer fram á fundum deildarinnar innan vébanda hennar.

11. grein

Nú hefur einhver félagsmaður gegnt trúnaðarstörfum í deildinni í tvö kjörtímabil saman, getur hann þá skorast undan endurkosningu í jafnlangan tíma.

12. grein

Falli grunur á félagsmann um að hann hafi gerst sekur í að vinna gegn stefnu deildarinnar, samþykktum eða samningum, skal stjórn deildarinnar kanna málið eins vel og auðið er. Verði sekt félagsmannsins sönnuð skal stjórnin kalla hann á sinn fund og ræða málið vel við hann og gefa honum áminningu. Fari svo að áminningin komi ekki að gagni er stjórn deildarinnar heimilt að víkja manninum úr deildinni án frekari fyrirvara. Aðalfundur deildarinnar tekur endanlega ákvörðun um brottrekstur úr deildinni. Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum á þeim fundi.

13. grein

Félagsmönnum er óheimilt að ganga inn á verksvið hvors annars án samkomulags eða samninga um slíkt. Félagsmenn meiga ekki bjóða hvorn annan frá verki með lægra launaboði.

14. grein

Félagsmenn deildarinnar eru þeir yfirmenn sem hafa með höndum ýmiskonar stjórnun og starfa við stjórnun sem aðalstarf. Er þeim skylt að vera í MFFÍ. Framkvæmdastjórar, mjólkursamlagsstjórar, framleiðslustjórar og verkstjórar sem starfa eingöngu við stjórnun njóta ekki kjörgengis, kosningaréttar né atkvæðisréttar um kjaramál. Skulu þeir undanþegnir kjaradeilum.

Skylt er hverjum starfandi deildarmeðlimi að gæta þess er hann hefur umsjón með og verja það skemmdum að fengnu samþykki stjórnar og trúnaðarmannaráðs MFFÍ.

15. grein

Stjórn deildarinnar skal skipuð 3 mönnum: Formanni, ritara, og gjaldkera. Kjörtímabil stjórnar er milli aðalfunda. Kosning skal vera skrifleg.

16. grein

Formaður er forseti stjórnarinnar og hefur eftirlit með því að stjórnendur rækji skyldur sínar. Hann kallar saman stjórnarfundi, þá er honum finnst þörf og boðar til almennra funda og stýrir þeim. Hann hefur og á hendi framkvæmdir fyrir deildarinnar hönd.

Formaður situr alla stjórnarfundi, trúnaðarmannafundi og þá fundi sem stjórn MFFÍ boðar, og fylgist náið með starfi félagsins í heild.

17. grein

Stjórnin skal færa gjörðarbók. Þar skal færa öll þau mál er fyrir koma, tillögur svo og niðurstöður úr hverju máli. Stjórninni skal skylt að varðveita öll bréf send og móttekin, svo og önnur skilríki er varða deildina og störf hennar. Gögnin geymist á skrifstofu félagsins.

18. grein

Ritari heldur gjörðabók og skrásetur í hana stutturða og hlutlausa skýrslu um það sem fram fer á fundum deildarinnar, og undirritar hana. Hann sér um bréfaskriftir fyrir stjórnina og birtir deildarmönnum bréf og tilkynningar, og heldur félagaskrá.

19. grein

Aðalfund skal halda fyrir 15. júní ár hvert. Gerir þá stjórnin grein fyrir störfum sínum á liðnu ári. Fundurinn er lögmætur ef til hans hefur verið boðað með 6. daga fyrirvara.

20. grein

Aðalfundi stjórnar sérstakur fundarstjóri sem formaður stingur upp á að aðalfundi. Samþykki meirihluta fundarmanna þarf til að fundarstjórinn sé samþykktur. Stjórn deildarinnar semur dagskrá aðalfundar og sendir út með fundarboði. Fundarritari ritar nafn sitt undir fundargjörðina.

21. grein

Takist eigi að ljúka aðalfundarstörfum á einum fundi skal boðað til framhaldsaðalfundar með 6. daga fyrirvara og skal honum stjórnað samkvæmt 20. gr. þessara laga.

22. grein

Aukafundi skal halda eins oft og þurfa þykir að áliti stjórnar, og ef 10 eða fleiri deildarmeðlimir æskja þess. Aukafundir eru lögmætir, ef til þeirra er boðað með 6. daga fyrirvara.

23. grein

Um meðferð mála á fundum deildarinnar fer eftir fundarsköpum hennar. Um meiriháttar mál getur stjórnin látið fara fram allsherjaratkvæðagreiðslu ef hún álitur þess þörf og 10 deildarmeðlimir æskja þess, þó að undangengnum umræðum um málið á deildarfundi.

24. grein

Gjaldkeri MFFÍ. innheimtir árgjöld og aðrar tekjur deildarinnar og hefur hann á hendi fjárhald og bókfærslu sem að því lýtur í samráði við gjaldkera deildarinnar. Sjóði deildarinnar skal hann geyma á vöxtum í banka, sparisjóði eða á jafn tryggum stað í samráði við stjórn deildarinnar. Stjórn deildarinnar ber öll í samneiningu ábyrgð á sjóðum deildarinnar.

25. grein

Rísi ágreiningur mill deildarinnar og MFFÍ. skal skjóta honum til ASÍ.